

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg.**

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

	<i>Vikuleg tæming</i>	<i>Hálfsmánaðarleg tæming</i>
Tunna	12.300 kr./ári	6.150 kr./ári
Ker	43.050 kr./ári	21.525 kr./ári

Merktir pokar fyrir tilfallandi umfram heimilissorp: 470 kr./stk.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 1134/2005.

*Borgarstjórnin í Reykjavíkurborg, 7. desember 2006.*

**Vilhjalmur Þ. Vilhjálmsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2006